

Alþingi
Erindi nr. P 131/1445
komudagur 20.4.2005



Akraneskaupstaður

Félagsmálanefnd Alþingis,
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar, 174. mál,
desemberuppbót.**

Á fundi félagsmálaráðs þann 5. apríl s.l. var m.a. gerð eftirfarandi bókun
“Félagsmálaráð Akraness styður þá breytingu á lögum um atvinnuleysisbætur að
bótaþegar eigi rétt á 30% desemberuppbót.”

Það tilkynnist hér með.

Akranesi, 19. apríl 2005.

Virðingarfyllst,


Sólveig Reynisdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

SR/
Skj.332/28831



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Nefndarsvið
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 131/1192
komudagur 7.4. 2005

Reykjavík, 5. apríl 2005.
Tilvísun: 2005030078

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysisstryggingar, með síðari breytingum, 174 mál

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar framangreint Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysisstryggingar. Með efni frumvarpsins er miðað að því að lögfesta rétt þeirra sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í desember ár hvert, uppbót sem nemur 30% af atvinnuleysisbótum.


Alpýðusamband Íslands telur réttlætismál að atvinnulaust fólks njóti desemberuppbótar með sambærilegum hætti og fólk í starfi. Jafnframt er mikilvægt að útfærsla slíkra réttinda sé með sambærilegum hætti og almennt gildir á vinnumarkaði til að tryggja að um sambærileg réttindi sé að ræða. Nokkuð skortir á að það sé gert í fyrirliggjandi frumvarpi.

Jafnframt er rétt að benda á að nú fer fram heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysisstryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir, þar sem Alpýðusamband Íslands hefur sett fram fjölmargar tillögur, sem allar miða að því að bæta stöðu og réttindi atvinnulauss fólks og möguleika þess til að koma aftur á vinnumarkaðinn. Væntir Alpýðusambandið þess að við endurskoðun laganna verði þessar tillögur lagðar til grundvallar og að frumvarp þess efnis verði lagt fram á næsta þingi. Jafnframt treystir Alpýðusambandið því að stuðningur verði við framangreind sjónarmið þess við meðferð málsins á Alþingi og að ný löggjöf feli í sér umtalsverða réttarbót fyrir fólk sem missir atvinnu sína um skemmri eða lengri tíma.

F.h. Alpýðusambands Íslands,

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Hjálagt fylgja tillögur ASÍ um málefni atvinnulausra frá mars 2003.
(Athuga að lágmarkstekjur fyrir fullt starf á mánuði er nú kr. 103.500).



Tillögur atvinnumálanefndar ASÍ um stuðning við atvinnulausa

Samþykktar í miðstjórn ASÍ 19. mars 2003
Kynntar fulltrúum aðildarfélaganna og samtaka innan ASÍ 26. mars 2003

Samantekt

Atvinnumálanefnd ASÍ hefur að undanfögnu fjallað um stöðu og stuðning við atvinnulausa og þörf fyrir úrbætur í þeim efnum. Auk félaga í atvinnumálanefnd ASÍ hafa fulltrúar ASÍ stjórnnum Vinnumálastofnunar og atvinnuleysistryggingasjóðs tekið þátt í þessu starfi. Þá fékk atvinnumálanefnd á fund til sín Gissur Pétursson, forstjóra Vinnumálastofnunar og Gylfa Kristinsson, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu í tengslum við þessa vinnu.

Hér á eftir fylgja tillögur atvinnumálanefndar ASÍ í málefnum atvinnulausra. Tillögurnar eru í aðalatriðum fjórþættar. Lagt er til að:

1. Atvinnuleysisbætur verði hækkaðar í 93.000 kr. á mánuði.
2. Skráningarferli og umsýsla skráningarstaða og svæðisvinnumiðlana verði einfaldað og gert skilvirkara.
3. Aukin áhersla verði lögð á aðstoð, ráðgjöf og menntunarræði fyrir fólk í atvinnuleit og virka vinnumiðlun.
4. Lagt til að löggjöf um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir verði endurskoðuð og að sett verði lög um einkareknar vinnumiðlanir.

Hér á eftir er nánar gerð grein fyrir tillögunum. Lagt er til að tillögu um hækkun atvinnuleysisbóta verði hrint í framkvæmd nú þegar. Þá er lögð áhersla á að tillögur í liðum 1 – 3 verði að öðru leyti komi til framkvæmda eins fljótt og kostur er til að bregðast við þeim vanda sem nú er í málefnum atvinnulausra. Hvað varðar lið 4 er ljóst að það tekur nokkur tíma að móta afstöðu ASÍ og ná samstöðu með öðrum þeim sem málið varðar. Lögð er áhersla á að sú vinna verði þegar hafin með það að markmiði að tillögur liggi fyrir á komandi hausti með það að markmiði að hægt verði að afgreiða nýja löggjöf og nauðsynlegar lagabreytingar á Alþingi veturinn 2003 - 2004.

1. Hækkun atvinnuleysisbóta í 93.000 kr. á mánuði og athugun á tekjutengingu

Lagt er til að atvinnuleysisbætur verði nú þegar hækkaðar úr 77.452 kr. í 93.000 kr. á mánuði. Einnig er lagt til að á vettvangi ASÍ verði hafin skoðun á því hvort tekjutengja eigi atvinnuleysisbætur og þá með hvaða hætti.

Greinargerð

Í dag eru fullar atvinnuleysisbætur 77.452. Þær hækkuðu um síðustu áramót um 5%. Fram til 1996 tóku atvinnuleysisbætur mið af launum fiskverkafólks og hækkuðu til samræmis við þau. Í upphafi árs 1996 var gerð breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar sem rufu þessa tenginu. Lágmarkstekjur verkafólks fyrir fullt starf eru nú 93.000 kr. á mánuði eða um 20% hærri en fullar atvinnuleysisbætur. Auk þess á fólk á vinnumarkaði rétt á desemberuppbót og orlofsuppbót sem nú eru 36.000 kr. og 10.000 á ári hjá verkafólki m.v. fullt starf.

Þá má geta þess að ef atvinnuleysisbætur hefðu þróast í takt við almenn laun þá væru þær um 12% hærri en þær eru nú eða um 87.000 kr. á mánuði.

Að meðaltali voru 3.631 einstaklingur atvinnulausir á síðasta ári af þeim leituðu 2.430 einstaklingar eða 67% til sveitarfélaga og annarra aðila eftir fjárhagsaðstoðar. Í skýrslu félagsmálaráðuneytisins um þróun fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga (janúar 2003) kemur fram að 40% þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er fólk án vinnu. Þetta gefur skýrar vísbendingar um að atvinnuleysisbæturnar duga ekki til framfærslu meðan fólk leitar sér að nýju starfi.

2. Einfalda skráningar ferli og umsýslum skráningarstaða og svæðisvinnumiðlana.

Lagt er til að tekin verði ákvörðun um að einfalda skráningarferlið og draga úr tíðni skráninga hjá atvinnulausu fólki, ásamt því að einfalda alla umsýslu hjá skráningarstöðum og svæðisvinnumiðlunum. Þá er lögð áhersla á að þeirri ákvörðun verði hrint í framkvæmd eins fljótt og kostur er.

Greinargerð

Núverandi löggjöf um atvinnuleysistryggingar og öll umgjörð miðast að því að gera atvinnuleitendum sem allra erfiðast fyrir að misnota bæturnar. Lögð er rík áhersla á eftirlit með þeim sem skrá sig á atvinnuleysisskrá. Það hlýtur að vera meginmarkmiðið löggjafarinnar að aðstoða þá sem eru atvinnulausir fjárhagslega, styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði og aðstoða atvinnulaust fólk við að finna sér starf við hæfi.

Mikill tími fer í það hjá starfsmönnum skráningarstaða og svæðisvinnumiðlana að skrá og hafa eftirlit með atvinnuleitendum. Lagt er til að skráningar- og eftirlitsferlið verði einfaldað og það gert sem skilvirkast. Á vettvangi Vinnumálastofnunar hefur þegar verið aflað upplýsinga um ýmsa kosti í þessum efnum og hvernig megi hrinda þeim í framkvæmd. Í þeirri vinnu hefur m.a. verið litið til framkvæmdarinnar á hinum Norðurlöndunum sem læra má af. Mikilvægt er að þessari vinnu verði hraðað og lagabreytingar undirbúnar ef þörf krefur.

Með því að draga úr vinnu við skráningu og umsýslu af ýmsu tagi skapast skilyrði til að auka þjónustu og ráðgjöf við atvinnuleitendur og fyrirtæki sem vilja nýta sér þjónustu svæðisvinnumiðlana.

Einnig má geta þess að skráningarferlið í dag er afar niðurlægjandi fyrir þá sem eru atvinnulausir. Þeir þurfa að mæta til skráningar í sínu byggðarlagi

vikulega eða á tveggja vikna fresti. Þá myndast oft langar biðraðir á skráningarstað. Í litlu samfélagi eins og hér á landi, þar sem allir þekkja alla getur þetta verið viðkvæmt og niðurdrepandi. Af þessu ástæðum veigra margir sér við að leita sér aðstoða fyrr en allt annað þrýtur. Slík töf er mjög óheppileg þar sem hún kemur í veg fyrir að viðkomandi njóti mikilvægrar þjónustu auk þess sem hún getur leitt til skerðingar eða jafnvel að réttur til atvinnuleysisbóta tapast.

3. Aukin áhersla á aðstoð, ráðgjöf og menntunarræði fyrir fólk í atvinnuleit og vinnumiðlun

Þjónusta stæðisvinnumiðlana á einkum að felast í aðstoð og ráðgjöf við fólk í atvinnuleit og vinnumiðlun. Mikilvægt er að starfsemin sé skipulögð þannig að hún sinni sem best þeim markmiðum sem henni er ætlað að uppfylla. Hér gegna aðstoð, ráðgjöf og menntunarræði við hæfi lykilhlutverki.

Greinargerð

Mikilvægt er að treysta og efla þann þátt í starfsemi Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana sem lítur að aðstoð, ráðgjöf og menntunarræðum við hæfi. Sama gildir um ráðgjöf og aðstoð við fyrirtæki sem eru að leita að starfsfólki.

Hér má nefna sem dæmi virka starfs- og námsráðgjöf til atvinnuleitenda, með áhugasviðsprófunum og leiðbeiningu um þau starfs- og námsúrræði sem eru í boði á hverjum tíma. Þá er ljóst að fræðsla um fjármál og fjármálaráðgjöf getur skipt miklu fyrir þá sem missa atvinnuna um skemmri eða lengri tíma.

Fjölbreytt tilboð á námskeiðum og lengra námi við hæfi hvers og eins er eitt af kjarnaatriðunum í stuðningi Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana við atvinnuleitendur. Mikilvægt er að áfram verði byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur í þessum efnum og námsúrræði þróuð enn frekar með tilliti til einstaklinganna og ólíkra hópa atvinnulausra. Um leið og mikilvægt er að miða ráðgjöf og þróa úrræði sem mæta þörfum ólíkra einstaklinga er nauðsynlegt að horfa sérstaklega til einstakra hópa eins og:

- i. atvinnulausra ungmenna
- ii. þeirra sem hafa litla menntun og/eða þurfa á endurmenntun að halda
- iii. þeirra sem eru búnir að vera lengi atvinnulausir (meira en 6 mánuði)
- iv. þeirra sem eru eldir en 55 ára

Mikilvægt að skoða með hvaða hætti má styðja við aðstoð og ráðgjöf til atvinnulausra og virka vinnumiðlun með því að nýtt þekkingu, reynslu og tengsl stéttarféлага (og samtaka atvinnurekenda) við vinnumarkaðinn. Sama gildir um einkareknar vinnumiðlanir.

4. Endurskoðun á löggjöf um atvinnuleysistryggingar og vinnu- markaðsaðgerðir og lög um einkareknar vinnumiðlanir

Lagt er til að á vettvangi ASÍ verði þegar hafin undirbúningur undir endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997 og laga um vinnu-
markaðsaðgerðir nr. 13/1997 með það að markmiði að efla þessa starf-
semi og bæta réttarstöðu atvinnulausra. Þá er lagt til að undirbúin verði
sérstök löggjöf um einkareknar vinnumiðlanir (ráðningarskrifstofur).

Greinargerð

Ýmis álitafni hafa komið upp varðandi framkvæmd laganna um vinnu-
markaðsaðgerðir og atvinnuleysistryggingar, stjórnslu og réttindi
atvinnulausra frá því að lögin tóku gildi. Þá hefur komið upp ágreiningur
um eignarhald og umsýslu á atvinnuleysistryggingasjóði.

Mikilvægt er að á vettvangi Alþýðusambandsins fari fram mat á lögnum
og framkvæmd þeirra og að á grundvelli þess setji ASÍ fram sjónarmið sín
og tillögur til breytinga. Síðan er nauðsynlegt að teknar verði upp við-
ræður við önnur samtök launafólks, SA og félagsmálaráðuneytið um
nauðsynlegar breytingar á lögnum. Þessi vinna má þó ekki verða til þess
að tefja að ráðist verði í þær úrbætur sem eru mest aðkallandi og hægt er
að framkvæma innan ramma núgildandi laga.

Samhliða er mikilvægt að undirbúin verði löggjöf um einkareknar vinnu-
miðlanir með það að markmiði að hún verði afgreidd á Alþingi veturinn
2003 – 2004. Slík löggjöf þarf að taka almennt á starfsemi einkarekinna
vinnumiðlana og tryggja réttarstöðu þeirra einstaklinga (og fyrirtækja)
sem til þeirra leita m.a. með hliðsjón af samþykktum ILO um þetta efni.
Þá þarf slík löggjöf að kveða á um skyldur einkarekinna vinnumiðlana til
að veita upplýsingar um starfsemi sína og þá vinnumiðlun sem fram, fer á
þeirra vegum til að bæta almennt þekkingu á vinnumarkaðinum, þróun
hans og stöðu á hverjum tíma. Slík löggjöf er jafnframt forsenda fyrir því
að stjórnvöld geti gefið slíkum vinnumiðlunum hlutverk og verkefni og
nýtt þær til stuðnings og ráðgjafar við atvinnulausa og vinnumiðlun. Á
grundvelli slíkrar löggjafar gætu stéttarfélög tekið að sér stuðning og ráð-
gjöf við atvinnulausa og vinnumiðlun.

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1275
komudagur 13. 4. 2005



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2005

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, 174. mál.

BSRB styður frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt.

f.h. BSRB

Svanhildur Halldórsdóttir
Svanhildur Halldórsdóttir



FÉLAG
ELDRI
BORGARA

Alþingi
Erindi nr. P/31/1330
komudagur 15.4.2005

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2005.

Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Stjórnin hefur farið yfir frumvarpið og styður það eindregið.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Félags eldri borgara
í Reykjavík og nágrenni

Stefanía Björnsdóttir
frankvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/1329
komudagur 15.4. 2005



Reykjavík 14. apríl 2005

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingishúsinu
150 Reykjavík

Umsögn fjölskylduráðs vegna frumvarps til laga um atvinnuleysistryggingar, 174. mál, desemberuppbót.

Erindi félagsmálanefndar var tekið fyrir á fundi ráðsins þann 4. apríl 2005. Var afgreiðsla fundarins svohljóðandi:

Lagt var fram skjal félagsmálanefndar Alþingis, dags. 30. mars 2005, þar sem óskað er eftir umsögn ráðsins varðandi frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar, 174. mál, desemberuppbót.

Frumvarpið varðar breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. Gerð er tillaga að á eftir 2. mgr. 7. gr. laganna kæmi ný málsgrein, svohljóðandi:


„Á bætur sem greiddar eru vegna atvinnuleysis í desember skal greiða 30% uppbót.“

Fram kemur í greinargerð frumvarpsins að ætlunin sé með frumvarpinu að stíga skref til að lögfesta ákvæði um sérstaka desemberuppbót til þeirra einstaklinga sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Markmið frumvarpsins er að bæta stöðu þeirra einstaklinga sem heyra undir lög nr. 12/1997. Jafnframt að elli- og örorkulífeyrisþegar eigi jafnan rétt á 30% uppbót í desember á fjárhæðir tekjutryggingar og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og á fjárhæð heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993.

Fjölskylduráð styður framkomið frumvarp, út frá þeirri meginforsendu að það er almennt viðurkennt að desembermánuður sé fjölskyldum fjárhagslega kostnaðarsamari en aðrir mánuðir ársins. Sérstaklega telur fjölskylduráð að ætla megi að desembermánuður sé efnalittlem fjölskyldum þungur í skauti og þar með töldum fjölskyldum atvinnulausra.

Jafnframt telur fjölskylduráð það veigamikil rök með frumvarpinu að flestallir samningar á vinnumarkaði eru með desemberuppbót í einu formi eða öðru. Einnig að hækkaðar eru bætur almannatrygginga í desember, eins og bent er á í greinargerð frumvarpsins, sem og stuðningur félagsþjónustu sveitarfélaga hvað varðar fjárhagsaðstoð í þessum mánuði. Til að mynda hefur félagsþjónustan í Reykjavík sett inn í sínar reglur um fjárhagsaðstoð, er tóku gildi 1. janúar 2004, ákvæði um sérstaka desemberuppbót. Kveðið er á um í 26. gr. reglnanna að veita skuli þeim sem hafa fengið fulla fjárhagsaðstoð undangengna sex mánuði samfelt, sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð.

Að síðustu vill fjölskylduráð nefna að desemberuppbót til atvinnulausra gætu einkum komið til góða fyrir þann hóp einstaklinga og fjölskyldna sem hafa verið lengi á atvinnuleysisskrá.

Fyrir hönd fjölskylduráðs

Björg Kjartansdóttir, starfsmaður fjölskylduráðs



Reykjavíkurborg
Félagsþjónustan

Alþingi
Erindi nr. P 131/1816
komudagur 4.5.2005

Alþingi
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2005

Efni: Umsögn vegna frv. til laga um atvinnuleysistryggingar, 131. löggjafarþing, 174. mál, desemberuppbót.

Vísað er til bréfs nefndarritara félagsmálanefndar, dags. 30. mars sl., þar sem fram kemur beiðni til Félagsþjónustunnar í Reykjavík um að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar.

Beðist er velvirðingar á þeirri seinkun sem er á svari til nefndarinnar en ástæðuna má rekja til mikilla anna..

Félagsþjónustan í Reykjavík er fylgjandi efni frumvarpsins og telur jákvætt að lögfesta sérstakt ákvæði um desemberuppbót til þeirra einstaklinga sem rétt eiga á atvinnuleysisbótum. Telja verður það sjálfsagt réttlætismál að þeir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur eigi sama rétt til desemberuppbótar og elli- og örorkulífeyrisþegar. Verði frumvarpið samþykkt, er að mati Félagsþjónustunnar í Reykjavík verið að gæta jafnræðis milli þessara aðila.

Til fróðleiks fyrir félagsmálanefnd Alþingis skal upplýst að í 26. gr. reglna um fjárhagsaðstoð Félagsþjónustunnar í Reykjavík segir, að veita skuli þeim sem fengið hafa fulla fjárhagsaðstoð (sem í dag nemur kr. 84.245 til einstaklings) undangengna sex mánuði, sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð.

F.h. Félagsþjónustunnar í Reykjavík,


Helga Jóna Benediksdóttir, lögfr.

Afrit sent: Borgarritari.


Félagsþjónustan

Síðumúla 39 • 108 Reykjavík • Sími: 535 3000 • Bréfasími: 535 3039

Alþingi
Erindi nr. P 131/1356
komudagur 18.4.2005



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Rvk. 15.04.2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar, 174. mál, desemberuppbót.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar, 174. mál, desemberuppbót.


Með frumvarpinu er lagt til að greidd verði 30% uppbót á atvinnuleysisbætur í desember ár hvert. Rökstuðningur fyrir breytingunni er sá að elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar og tekjutryggingarauka eigi rétt á 30% uppbót á tekjutryggingu og tekjutryggingarauka í desember og að launamenn á almennum vinnumarkaði eigi almennt rétt á uppbót á laun sín í desembermánuði.

Atvinnuleysisbæturnar eru trygging sem fjármagnaðar eru með atvinnutryggingagjaldi sem lagt er á atvinnureksturinn og ætlað er að standa undir útgjöldum vegna atvinnuleysisbóta. Ákvörðun um hækkun bóta er þar af leiðandi ávísun á hækkun atvinnutryggingagjaldsins eða minni lækkun þess eftir atvikum. Hækkanir á lífeyri hafa ekki slík áhrif. Þá eru atvinnuleysisbætur tímabundnar greiðslur líkt og sjúkra- og slysadagpeningar og greiðast ekki uppbætur á þá.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að allir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í desember fái 30% uppbót á bæturnar. Þar á meðal væri launafólk sem hefði fengið desemberuppbót greidda frá vinnuveitanda svo sem fiskvinnslufólk og aðrir þeir sem hafa unnið meira en 12 vikur á árinu en eru fara tímabundið á bætur í desember. Fiskiskipaflotinn stöðvast í desember og fram yfir áramót og leiðir það til stöðvunar fiskvinnslu í landi. Fer þá margt fiskvinnslufólk tímabundið á atvinnuleysisbætur. Almennast er að það hafi fengið greidda desemberuppbót frá vinnuveitanda fyrir vinnu sína á árinu en ætti samkvæmt frumvarpinu að fá til viðbótar desemberuppbót á bæturnar og þar með verulega meira en þeir sem eru í vinnu.

Mælt er gegn því að framangreint frumvarp verði samþykkt.

Virðingarfyllst,



Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1175
komudagur 6.4.2005



Verzlunarmannafélag Reykjavíkur
Húsi verzlunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími 510 1700
Fax 510 1717
Veffang www.vr.is
Netfang vr@vr.is

Félagsmálanefnd Alþingis,
b/t Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Alþingi,
150 Reykjavík

Reykjavík 04.04 2005

**Efni: Umsögn VR um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar,
174. mál, desemberuppbót**

VR fagnar þessu frumvarpi og styður það. Teljum við það mjög þarft, ekki aðeins vegna þess að það sé réttlætismál að atvinnulausir fái desemberuppbót eins og aðrir, heldur einnig vegna þess að starfmenn atvinnuleysisbótadeildar VR hafa lengi heyrt umkvartanir atvinnuleysisbótaþega vegna þessa þar sem þeim finnst sér mismunað.

Í greinargerð með frumvarpi þessu kemur fram að tilvísun flutningsmanna eru samsvarandi ákvæði í *Reglugerð um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega (nr. 1007/2004)* með stoð í lögum um almannatryggingar nr. 117/1993. Þegar sú reglugerð er nánar skoðuð sést að þar er einnig gert ráð fyrir greiðslu 20% orlofsuppbótar í júlí (a. liður) en í frumvarpi þessu til laga um atvinnuleysistryggingar er aðeins gert ráð fyrir desemberuppbótinni. Það er skoðun VR að í frumvarpinu sé of skammt gengið til jafnræðis, og til þess að eyða mismunun, og mælir VR með því að atvinnulausir fái einnig 20% orlofsuppbót í júlí eins og launþegar og elli- og örorkulífeyrisþegar sbr. áður nefnda reglugerð.

Breytingartillaga VR við frumvarpinu er því við 2.gr. þess t.d. þannig (**breyting feitletruð og undirstrikuð**):

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Á bætur sem greiddar eru vegna atvinnuleysis í desember skal greiða 30% uppbót, **og í júlí 20% uppbót.**

F.h. VR
Með vinsemd og virðingu,


Gunnar Páll Pálsson, formaður





Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

Alþingi
Erindi nr. P 131/1331
komudagur 15.4.2005

Reykjavík, 14. apríl 2005.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Efni: **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 12/1997**

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997, 174. mál..

Öryrkjabandalagið tekur undir efni frumvarpsins.

Bandalagið leyfir sér hins vegar að benda á að enn tíðkast mismunun á kjörum atvinnulausra og öryrkja sem felast m.a. í tengingum bóta almannatrygginga við tekjur maka. Beinir bandalagið því til hins háa alþingis að þessi mismunum verði afnumin.

Fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands,

Arnpór Helgason

Arnpór Helgason, framkvæmdastjóri